
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2009-03
Fundartími:	Þriðjudagur 7. apríl 2009 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Notkunarflokkar raforku 2008. 3) Aflþörf raforkukerfisins 2008. 4) Breytingar á raforkuspánni og forsendur endurreiknings. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Íris Baldursdóttir
Ívar Þorsteinsson
Ásgeir Sigtryggsson
Pétur E. Þórðarson
Gunnar Aðalsteinsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð
Sigurður Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV sagði að í ljós hefði komið að gögnin sem fengust frá Rarik um notkunarflokkana væru ekki þau gögn sem Rarik teldi rétt að nota og er notkunin um 20 GWh of lítil. PEÞ sagði að þeir miðuðu nú við að nota bókhaldslegt uppgjör til að samræmi væri við önnur uppgjör í tengslum við Netorku. Einnig tapast þá ekki nein sala milli ára og langtíma tölur ættu að vera réttari heldur en þegar notuð er ársáætlun. JV sagði að á næsta ári þyrftum við að koma þessu í betra horf svo rétt gögn kæmu í febrúar/mars. PEÞ sagði að rétt gögn mundi koma fljótlega.
- 3) JV sagði að vinna við aflgögn hefði aðeins seinkað en eitthvað vantað enn af gögnum. IB lagði til að bæta inn í viðauka myndum með afltölum ársins fyrir hvern landshluta og leist fundarmönnum vel á það.

- 4) Rætt var um breytingar á forsendum. ÁS nefndi hvort ekki þyrfti að breyta upphafspunkti í útreikningum vegna bankahrunsins. PEP sagði að þeir væru að klára tengingu fyrir 10 MW hjá bræðslunni á Vopnafirði. ÁS taldi að nýr 2 MW ótryggður notandi væri að koma á Vestfjörðum. Rætt var almennt um breytingar á notkun og var nefnt sérstaklega að brestur í loðnuveiði minnkaði raforkunotkunina fyrstu mánuði ársins. Einnig rætt um það hvort fá eigi uppgjör eftir notkunarflokkum fyrir fyrstu 3 mánuði ársins og ákveðið að bíða með að ákveða með það uns uppgjör aflagagna fyrir fyrsta ársfjórðungs liggur fyrir.
- 5) Íris lagði til að notað væri meðalafli í töflu 1 og töflu 2 í endurreiknaðri spá vegna þess að afltölur stóriðju hafa verið lagðar saman án samlögunar. JV benti á að nota mætti einnig samlögunarstuðla. Ákveðið var að stefna að breytingum á þessari framsetningu. Íris og ÁS ætla að fara yfir stóriðjutölurnar og koma með nýjar tölur. Íris sagði einnig að gagnaveri Verne hefði seinkað. Becromal hefur einnig seinkað og afltölur lækkað. Nú væri verið að tala um gangsetningu í október. Helguvík er jafn óviss og í fyrra. Ísal er ekki búið að ákveða með aukningu hjá sér sem þeir hafa verið að undirbúa. ÁS taldi að samningur Járnblendiverksmiðjunnar við Landsvirkjun hefði verið lækkaður í 930 GWh.
- 6) JV sagði að erfiðleikar hafi verið með VPN tengingu við Orkustofnun og Netorka hafði ekki sent nein gögn fyrir febrúar vegna slíkra erfiðleika.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:20. Næsti fundur ákveðinn 5. maí 2009.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

Sýnt var en ekki dreift:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
Ívar	Kröfur um gagnaskil vinnslufyrirtækja
Ingvar/Jón	Athuga hvort notkun á vinnslusvæðum HS sé inni í innmötunarröðum
Jón	Samræma almennar forsendur núverandi skilgreiningum hjá Hagstofu Íslands.
Ingvar	Ný tafla í endurreiknaða spá um inn og útmötun frá Landsneti.
Ingvar	Skipta Akureyri í tvennt í töflum í viðauka 4 og kalla stöðina Rangárvelli.
Íris/Ásgeir	Tafla um samninga við stóriðju

Ingvar/Jón	Breyta framsetningu í töflum með stóriðjunotkun
------------	---